

Eiríkur Rögnvaldsson

Djúpdæla saga – síðasta Íslendingasagan?


Það er allútbreidd skoðun að setningagerð íslensku hafi breyst tiltölulega lítið undanfarin þúsund ár. Vissulega getum við fyrirhafnarlítið komist í gegnum Íslendingasögurnar og aðra forna frásagnartexta, og það er alveg rétt að íslenska hefur breyst minna en flest eða öll grannmálin. Breytingar á setningagerð eru þó fleiri og víðtækari en oft er látið í veðri vaka en það villir mönnum kannski sýn að þessar breytingar eru fæstar þess eðlis að þær torveldi skilning að marki. Þótt einstök orð vefjist stundum fyrir okkur áttum við okkur oftast á því hvernig orðin og setningarliðirnir hanga saman.

Það er vissulega ekki hægt að kvarta undan skorti á íslenskum prósatextum frá ýmsum tímum, en þeir henta hins vegar fæstir sérlega vel til rannsókna á setningafræðilegum breytingum. Engar fornsögur eru varðveittar í frumriti; handrit þeirra eru öll áratugum eða öldum yngri en sagan sjálf. Aldur handritanna er oft óljós, en jafnvel þótt hægt sé að tímasetja sum handrit af sæmilegri nákvæmni er erfitt að skera úr því hvaða málstig þau sýna. Sumt í stafsetningu, beygingum og setningagerð þeirra getur borið merki ritunartímans, en annað getur verið komið úr forritinu og sýnt málstig sem er nokkrum áratugum eða öldum eldra. Því getur verið mjög erfitt að tímasetja einstakar breytingar.

Eðli textanna skiptir líka máli þegar setningafræðilegar breytingar eru skoðaðar og samanburði beitt við nútímamál. Eitt af því sem getur skipt máli eru áhrif erlends forrits á þýdda texta; orðaröð og önnur setningafræðileg einkenni úr frumtexta hafa iðulega áhrif á setningagerð þýðingarinnar. Einnig þarf að huga að stíltegund textanna; orðaröð og ýmislegt fleira er iðulega breytilegt eftir stíl. Okkur hættir til að bera saman málfar ritaðra texta frá fyrri öldum og hversdagsmál nútímans. Þá verður að hafa í huga að í nútímamáli a.m.k. er verulegur munur á talmáli og ritmáli og því hlýtur slíkur samanburður alltaf að sýna fleiri og meiri breytingar en í raun hafa orðið. En jafnvel þótt við notum nútímaritmál til samanburðar við forntexta getur það verið villandi, því að í nútímamáli eru textategundir margfalt fjölbreyttari en varðveittir textar frá fyrri öldum.

Þess vegna er nauðsynlegt að gæta þess að bera saman það sem sambærilegt er, en það er þó hægara sagt en gert. Það er mjög misjafnt hvað til er af rituðu máli frá hverjum tíma í málsögunni, og oftast er ekki verður að taka það sem býðst. Frá sumum tímum eru t.d. aðallega til formleg bréf sem eru mjög formúlukennd og erfitt að byggja setningafræðilega greiningu á þeim. Um 1800 fara hins vegar að koma til sendibréf sem eru mun óformlegri en flestir eldri textar sem varðveittir eru. Í þessum bréfum koma fram ýmsar nýjungar sem erfitt er að meta; er þar um að ræða breytingar sem voru að gerast á þessum tíma, eða eru þetta atriði sem voru rótgróin í málinu en komu ekki fram í þeim textategundum sem varðveittar eru frá eldri tímum? Um það er erfitt að segja.

Fyrir nokkrum árum þegar ég var einu sinni sem oftast að kenna sögulega setningafræði við Háskóla Íslands var ég að leita að heppilegum textum úr nútímamáli til að bera saman við forna texta og athuga hvað hefði breyst. Það hefur oft verið bent á að þeir nútímamálstextar sem helst eru sambærilegir við fornsögurnar að stíl séu ýmiss konar sagnaþættir. Af því að ég átti vitanlega *Djúpdæla sögu* Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum uppi í hillu greip ég hana og fór að lesa með svolítið öðru hugarfari en áður – í stað þess að skemmta mér yfir frásögnum af forfeðrum mínum og formæðrum reyndi ég nú að leiða hugann hjá efninu en gefa setningagerðinni gaum í staðinn.



Ég ljósritaði svo nokkrar opnur úr bókinni og fór yfir þær með nemendum mínum. Við vorum sammála um að það væri ekki ýkja mikill munur á setningagerð *Djúpdæla sögu* og setningagerð *Sturlungu* og annarra forn-texta sem við höfðum skoðað áður, þótt aldursmunurinn sé 6-700 ár. Stefán á Höskuldsstöðum skrifaði *Djúpdæla sögu* aðallega á þriðja áratug síðustu aldar og lauk henni í maí 1931. Við ritun hennar studdist Stefán bæði við munnlegar frásagnir og ritaðar heimildir. Helstu heimildarmenn hans voru þeir bræður Símon í Litladal og Stefán á Höskuldsstöðum, en af rituðum heimildum er að nefna *Sögu Mera-Eiríks* sem Símon Dalaskáld gaf út 1912, auk ævisögu Gísla Konráðssonar, *Bólu-Hjálmars sögu*, og *Sögu frá Skagfirðingum*.

Eitt sterkasta einkenni fornislenskra texta er hinn mikli fjöldi setninga sem hefjast á sögninni, sem stendur þá á undan frumlaginu. Sögnin er yfirleitt ekki fremst í fyrstu setningu í nýrri frásögn, en önnur setning frásagnar er iðulega með sögn í fyrsta sæti og oft sú þriðja og fjórða og svo framvegis, ef sjónarhorn frásagnarinnar helst hið sama. Þessi orðaröð er sérlega áberandi í frásagnartextum og hefur því oft verið nefnd frásagnarumröðun. Lítum nú á dæmi þessa úr *Þórðar sögu kakala*:

- En er á leið daginn tók að frysta.
- Hljóp þá veðrið í norður.
- Gerðist þá hríð svo grimm sakir myrkurs og frosts að sjaldan verða þvílíkar.
- Leið eigi langt áður þeir vissu eigi hvar þeir fóru.
- Dróst þá liðið mjög af kulda.
- Bað Kolbeinn menn þá stíga af baki „og taki menn glímur stórar og viti ef mönnum hitnar við það“.
- Urðu þar svo miklar hrakningar að margir menn týndu vopnum sínum og fengu eigi á haldið fyrir kulda.
- Gengu þá þegar nokkurir menn til heljar en margir meiddust til örkumla.
- Tók þá heldur að birta veðrið.
- Kenndust þeir þá við að þeir voru komnir á vatn það er Hólmavatn heitir.
- Hóf þá hver annan á bak.
- Fóru þeir þá þar til er þeir komu á Gilsbakka nokkuru fyrir dag.
- Var Kolbeinn þar um nóttina.

Kaflaskil verða í frásögninni og farið að segja frá nýjum atburði, og sú frásögn hefst á „En er á leið daginn“. En síðan koma 12 setningar í röð sem allar hefjast á sögninni. Þetta er reyndar óvenjulegt, og langlengsta runan af þessu tagi sem ég fann við snögga leit – þær næstlengstu voru með fimm setningum í röð.

Okkur finnst þetta kannski ekki sérlega framandi, vegna þess að við höfum flest lesið meira eða minna af fornsögum, en í nútímamáli er þetta sjaldgæft – nánast útilokað í talmáli og óformlegu ritmáli, en kemur oft fyrir í vissum stíltegundum formlegs ritmáls. Rannsóknir á þessari orðaröð benda til þess að hér sé fremur um stíleinkenni að ræða en málbreytingu; ef sambærilegir nútímamálstextar eru skoðaðir er þessi röð einnig algeng þar. Þess vegna skulum við líta á dæmi úr *Djúpdæla sögu*, þar sem segir frá þeim tengdafaðgum Maura-Jóni og Eiríki hreppstjóra. Hér hefst fyrsta setningin ekki á sögn, frekar en venja er í upphafi nýrrar frásagnar, en síðan koma heilar 16 setningar í röð sem allar hefjast á sögninni:

- Guðríður, kona Jóns, dó í Djúpadal, er hún hafði verið þar 2 eða 3 ár.
- Sagði Eiríkur svo um tengdamóður sína, að eigi hefði hann þekkt hjartabetri konu en hana.
- Hafði hún verið Jóni manni sínum samhent í öllu og bætt úr skapi hans, því allskapharður hafði Jón verið talinn, en þó raungóður.
- Tók nú Eiríkur allmargt af fólki í heimili sitt sem stærri bændum var títt.
- Gerðist hann brátt umsvifamikill í búskapnum.
- Höfðu þeir Eiríkur og Jón sauði sína í Djúpadalsseli í þeim fjárhúsum, er þar voru, og
- nægðu þau eigi.

- Byggði þá Eiríkur, að ráði Jóns, önnur hús í Tungufjallssporðinum utan við Balana, þar sem síðar löngu var fjárrétt.
- Var það hús byggt á þann hátt, að jötur voru með veggjum og engar stoðir, en það lag var á uppreftinu, sem kallað var viðarhnútur, og hallaði af þakinu á alla vega.
- Var þetta að líkindum sem skýli fyrir sauðina í vondum veðrum, en eigi til heygjafar að mun.
- Má og ætla, að þar hafi lítið verið um hey, en sauðirnir látnir bjargast sem frekast var hægt á útigangi.
- Lágu þeir úti fram eftir öllum vetri, ef tíð var bærileg, og var þá gengið til þeirra öðru hvoru og þeir færðir saman.
- Var það vetur einn, að hríð gerði snögglega eftir veturnætur;
- voru þá nokkrir sauðir heima í Djúpadal með ám og yngra fé.
- Hrakti fé í hríðinni suður í gilið og í hvamm þann, er Snjóhvammur heitir, og
- hafði það þar ágætt skjól.
- Ætluðu menn að botnóttur forustusauður, sem Jón átti, hefði ráðið ferðinni þangað.

Ég hef ekki fundið dæmi um svo langa samfellu frásagnarumröðunar í þeim forntextum sem ég hef skoðað, en hef vissulega ekki leitað af mér allan grun. Það er þó a.m.k. ljóst að þetta einkenni forn málsins er síst minna áberandi hjá Stefáni á Höskuldsstöðum en hjá Sturlu Þórðarsyni og öðrum sagnaritum 13. aldar.

Í fornu máli er miklu meiri fjölbreytni í því en nú hvaða orð geta staðið fremst í setningu og rutt frumlaginu úr vegi, ef svo má segja. Hér má fyrst sjá forn málsdæmi um nafnhátt fremst í setningu, síðan lýsingarhátt þátíðar, og loks atviksorð. Óhætt er að fullyrða að hlið-stæðar setningar komi ekki fyrir í venjulegu nútímamáli, þótt þær séu e.t.v. hugsanlegar að einhverju marki í mjög formlegum ritmálstextum.

- Vita skyldir þú ___ fyrst hvað þú vildir. (*Gunnlaugs saga ormstungu*)
- Komið hefi eg nú ___ eldi á Þverárland. (*Víga-Glúms saga*)
- Niður hefi eg lagt ___ sund. (*Kormáks saga*)

Það kemur ekki á óvart að nokkuð sé um slíkar setningar í *Djúpdæla sögu*. Hér má fyrst sjá dæmi um nafnhátt fremst í setningu, síðan dæmi um lýsingarhátt þátíðar og sagnbót, þá dæmi um lýsingarorð, og að lokum dæmi um atviksorð eða agnir.

- að freista skyldu þeir ___ að sætta þá (56)
- að feiga hefði hann talið sauðina ___ (191)
- að reyna skyldu þær ___ að sætta bændur sína (114)

- að talinn var *hann* ___ dugandi bóndi (39)
 - því uppalinn var *hann* ___ þar í sveit (116)
 - og hýddur skaltu verða ___ á þingi í vor (54)
 - því haft hafði *Jón* ___ umboð Reynistaðaklaustursjarða sumra (85)
 - sem heitið hafði *hann* ___ Hannesi presti (108)
 - að heyrt hefði *hann* ___ Ara hóta lögsókn (114)
 - að verið hafði *Ólafur* ___ við messu Benedikts Vigfússonar (156)
 - að heyrt hefði *hann* ___ sagt (160)
 - því selt hafði *hann* ___ þau (195)
 - að fundið hefðu *þeir* ungir í fjárhúsum föður síns ___ skrifað kver (203)
 - því nýhöggið hafði *hann* ___ þá ket til jóla (60)
 - að ort hefði *hann* ___ kveðlinginn (130)
 - lánað hafði *Jón* ___ honum peninga (185)
 - að séð hefðu *þeir* ___ hann geyma morgunmat sinn til miðdags (208)
-
- og erfitt mun *þér* þykja embætti þetta ___ (58)
 - að óhræddur skyldi *hann* ___ kaupa Djúpadal með Tungufjallinu (76)
 - en týndar munu nú *þær* ___ með öllu (80)
 - Slæm þótti *Hannes* bygging vera ___ á Frostastöðum (84)
 - en rétt hafði *hann* ___ fyrir sér með leiðarstefnuna (90)
 - En allt of djúpur var *prédikunarstóllinn* ___ handa Hannesi (91)
 - að örðugt hefði *rimnaefni* sitt verið ___ víða (94)
 - að nýrekinn væri *hvalur* ___ á Skaga (127)
 - En sjálfhælinn þótti *hann* ___ (135)
 - að allgóð væri *sambúð þeirra* ___ (154)
 - að líklegur væri *hann* ___ fyrir að verða hinn mesti lagamaður (155)
 - að rauður hafi *Stefán* verið ___ í andliti (156)
 - Hagorður var *Stefán* nokkuð ___ (158)
 - því allskapharður hafði *Jón* verið talinn ___ (160)
 - en kunnugur var *hann* ___ skemmu Jóns og kistulyklum (162)
 - því allóvægur var *hann* ___ í garð prests (182)
 - og glataður er nú *kveðskapur hans* ___ (203)
-
- Upp varð *Hannes* að standa ___ af Frostastöðum eftir árið fyrir Arnljóti (84)
 - að undan mundi *hann* draga ___ allmikið af peningi sínum til tíundar (53)
 - Út lét *Skúli* reka hryssurnar ___ (52)
 - að vel hefir *hann* verið ___ skrifandi (58)

- að fyrr hefði *hann* getað fellt Espólín ___ (90)
- því burtu flutti *hún* ___ úr sveitinni (103)
- því lítt var *hún* ___ læs (103)
- suður fór *hann* á hverju vori ___ til fiskikaupa (112)
- en upp tók *hann* málið ___ að nýju (116)
- að upp úr dalnum kæmist *fólkið* ___ (122)
- að langdvölum hefði *hann* verið ___ í Goðdölum (128)
- en burtu fór *hún* ___ um vorið eftir (173)
- Vestur riðu *þeir Eiríkur hreppstjóri í Djúpadal og Bjarni á Bakka* ___ (188)
- því vel var *hún* ___ að sér (207)
- Illa undu *hestar Eiríks* ___ á Silfrastöðum (214)
- því nógu væri *hann* ___ ríkur (148)

Eitt atriði enn sem varðar upphaf setninga má nefna. Í fornu máli gat setning byrjað á atviksorðinu *mjög* sem tengdist sögn eða lýsingarorði síðar í setningunni:

- Mjög undrast konungsson skipið (*Egils saga Skalla-Grimssonar*)
- Mjög ertu íhlutunarsamur og meir en eg vildi (*Íslendinga saga*)
- Mjög verðum vér eftir að leita við þig Þormóður (*Íslendinga saga*)
- Mjög mundir þú þræta ef eg hefði eigi heyrt (*Kormáks saga*)
- Mjög leggur reyk í augu mér er eg kenni þig ekki (*Króka-Refs saga*)
- Mjög munum vér hlíta forsjá Snorra um þetta mál (*Laxdæla saga*)

Þetta er útilokað í venjulegu nútímamáli, en ekki kemur á óvart að það er algengt í *Djúpdæla sögu*, og þar eru einnig nokkur dæmi um *heldur* í sams konar setningum:

- Mjög reiddist Hólmfríður í Djúpadal kveðlingi Hjálmars (185)
- Mjög treysti Eiríkur á beit (202)
- Mjög var Eiríkur harður við stráka sína ef vantaði af ánum (206)
- Mjög var Eiríkur mikill ákafamaður (202)
- Mjög var Hannes vinsæll af sóknarfólki sínu (102)
- Mjög var þó Eiríkur greiðugur að eðlisfari (64)
- Mjög voru þeir samrýmdir bræður (119)
- Mjög harmaði Hannes stúdent son sinn (92)
- Mjög hafði illa verið haldið við ýmsum verkum Eiríks (215)
- En mjög þótti hann einkennilegur og heimskulegur (126)
- að mjög tregaði Sigríður Benedikt (67)

- því mjög unni hann slíkum kveðskap (92)
- því mjög var séra Gísli þeim leiður orðinn (95)
- því mjög var kirkjan fátæk (98)
- að mjög hafi fénaður Eiríks, bæði sauðfé og hross, lifað á útigangi (111)
- að mjög hræddist móðir hans um (118)
- því mjög var hún börnunum góð (190)

- en heldur varð hann þunglyndur, er hann varð gamall (64)
- Heldur var fátt með þeim Espólín og Eiríki presti um hríð (79)
- Heldur var hún aðsjál og siðavönd við hin yngri systkini sín (118)
- Heldur var Eiríkur yngri stríðinn við hana og ærslafullur (119)
- Heldur þótti Stefán þrætugjarn (120)
- Heldur var þröngt í búi fyrstu ár Hannesar á Ríp (165)

Annað atriði sem greinir forntexta frá venjulegum nútímamálstextum er orðaröð í sagnlið, þ.e. röð sagna og andlags eða annarra fylgiorða í setningum með sagnasamböndum. Til að skýra þetta nánar skal ég taka dæmi. Í eftirfarandi setningum eru þrjár sagnir – *munu*, *hafa* og *lesa* – og svo andlagið *þessa bók*. Í venjulegu nútímamáli geta þessir liðir aðeins staðið á einn veg, þ.e. eins og í fyrstu setningunni. Allar hinar raðirnar eru útilokaðar í venjulegu máli, eins og stjarnan á að tákna.

- Hún mun **hafa** lesið þessa bók.
- *Hún mun **hafa** þessa bók lesið.
- *Hún mun lesið **hafa** þessa bók.
- *Hún mun þessa bók **hafa** lesið.
- *Hún mun þessa bók lesið **hafa**.
- *Hún mun lesið þessa bók **hafa**.

Í fornu máli var röð þessara setningarliða hins vegar mun frjálssari, og þar koma fyrir dæmi um fimm af þessum setningagerðum en reyndar ekki þá seinustu:

- að sárið mundi **hafa** *grandað* honum. (*Bandamanna saga*)
- Nú munu þær eigi **hafa** því *unað*. (*Þiðranda þáttur*)
- og hann mundi *tekið* **hafa** hross þeirra. (*Vatnsdæla saga*)
- og kvaðst það **hafa** *gert* til yfirbóta við hana. (*Bjarnar saga Hitdælakappa*)
- og kvaðst enginn maður þetta *gera* **vilja**. (*Hrafnkels saga Freysgoða*)

Aðeins fyrsta dæmið hér samræmist nútímamálsröðinni en hin fjögur gætu varla verið úr nútímamáli, a.m.k. ekki töluðu máli. Rannsóknir benda til þess að aðrar orðaraðir en nútímamálsröðin hverfi nokkurn veginn úr málinu snemma á 19. öld.

En hvað með *Djúpdæla sögu*? Það er fljótlegt að finna þar dæmi af þessu tagi. Hér sýni ég dæmi þar sem andlag stendur á undan sögn, öfugt við það sem er í nútímamáli. Andlagið er undirstrikað en eyðan sýnir hvar andlagið myndi standa í venjulegu nútímamáli. Í tveim síðustu dæmunum er bæði andlagið og aðalsögnin frammar en venjulegt er í nútímamáli.

- Bar Skúli fyrir sig máldaga Akra, sem Arngrímur lærði hafði gera látið ___ (49)
- Sýslumaður kvað hann ekki vanta skyldu ___ (91)
- og var hann Mera-Eiríkur kallaður ___ (45)
- og hefir enginn það gert ___ af Djúpadalsbændum fyrr né síðar (45)
- og eigandi þeirra þá skyldur þau að hirða ___ (47)
- og hafði hann það eigi áður gert ___ né síðar (52)
- Eigi mun eg búkarla láta ___ telja hug úr mér (54)
- Bað sýslumaður hann það að gera ___ (91)
- Eftir þetta var Sveini auknefni gefið ___ (125)
- að eigi mundi hann það gera ___ (134)
- Þóttist sá hinn sami eigi geta það að fullu séð ___ (148)
- Eiríkur kvaðst það aldrei gjöra ___ (166)
- Því þá myndi hann laun fyrir taka allrífleg ___ ___ (127)
- og fleiri getur hann hafa ___ börn átt ___ (89)
- Þóttist þá Hannes vita, að þetta mundi Solveig vera ___ (72)
- sér eigi nein þægð að því verið ___ (135)
- Prestur kvað hann það sanna mundu ___ ___ (106)
- Töldu þeir, að faðir sinn mundi það ort hafa ___ ___ (203)

Hér eru svo dæmi þar sem lýsingarorð eða lýsingarháttur þátíðar stendur á undan sögn:

- Var hann þá gamall orðinn ___ (39)
- mun eg þau eigi þá laus láta ___ (52)
- Hefir það og ættgengt verið ___ (64)
- mun þó Hannes öllu skarpari hafa verið ___ (71)
- Bjarni prestur var nú gamall orðinn ___ (75)
- og hann hefði ei sjálfbjarga verið ___ af vosi og kulda (76)
- Var Bjarni í Djúpadal þá gamall orðinn ___ (76)
- Munu vísur Gísla hafa fleiri verið ___ (80)

- Þótti sumum þetta órétt vera ____ (95)
- en það mun allsendis óvíst vera ____ og ólíklegt mjög (96)
- eigi var hann greindur talinn ____ (100)
- Má vera, að þá hafi Þuríður dáin verið ____ (105)
- Eigi verður með vissu séð, hvenær Eiríkur Bjarnason muni fæddur vera ____ (42)
- Sagði Bjarni sig dreymt hafa ____ illa til Hannesar (72)
- á þeim árum, er nú hefir frá sagt verið ____ ____ (49)
- að það muni verið hafa ____ þar sem heitir á Litladalsseli (54)
- Fólkið kvað hann ókominn vera ____ (72)
- má það verið hafa ____ (82)
- Vissi enginn, hver ort hefði ____ (96)
- því enginn var sá þar í ferð, er ort hefði getað ____ (96)
- er áður hefir getið verið ____ (106)
- aldrei vissi eg hann þjófkenndan vera ____ (130)
- að gestir myndu komnir vera ____ (137)
- og það vor munu þau gifzt hafa ____ (197)
- sem menn vissu eigi fyrr hafa gert verið ____ (147)
- sagði, sem satt mun verið hafa ____ (212)
- Aldrei mun Eiríki hafa orðfátt orðið ____ (233)

Og að lokum dæmi þar sem forsetningarliður eða atviksorð er á undan sögninni:

- skyldu á afrétt rekin ____ (47)
- og þurfti um mál þeirra oft að þinga ____ (49)
- Og var það þá í hvarf komið ____ (54)
- eigi er það þitt meðfæri við mig að þreyta ____ (55)
- að eigi skyldi hann oftari í slíkt þurfa að komast ____ (61)
- og væri hún úr Fljótum ættuð ____ (65)
- sem hann mundi allt hold ætla undir höndum að kremja ____ (90)
- kvað eigi af messugjörð mundi verða ____ (91)
- en fátt af þeim mun nú við lýði vera ____ (94)
- Eigi kvaðst Gísli mundu undan því skorast ____ (106)
- með öllu aftók hann í skóla að fara ____ (118)
- auðvelt var til bæja að rata ____ (122)
- og varð Bjarni þar hjá þeim að vera ____ (122)
- kvað þjófinn undan austurátt komið hafa ____ ____ (148)

- og varð laus við hest þann, er hann á sat ___ (153)
- að Stefán væri til Hafnar kominn ___ (157)
- að þau skyldi inn setja ___ (47)
- að þú munir við heykjast ___ (54)
- Varnaði hún Hannesi áfram að halda ___ (72)
- vildi Þorlákur eigi upp standa ___ fyrir honum af jörðinni það ár (83)
- en aðrir, að það hafi áður verið ___ (85)
- að hann hafi þar verið ___ (91)
- Hún kvað hann ekki heima vera ___ (100)
- og höfðu þeir báðir niður lagzt ___ (106)
- því eigi gæti hann blaðalaust prédikað ___ (91)
- að jafnan hafi prestur halloka farið ___ að lyktum (121)
- en til þess tíma höfðu þeir úti legið ___ (133)
- en um nóttina hafði upp stytt ___ hríðina (122)
- þá var Guðmundur burtu farinn ___ (149)
- En er það hafði litla stund grasað ___ (137)

Tengsl forn máls og nútímamáls eru hér með allt öðrum hætti en í setningagerðinni sem fjallað var um fyrst, þar sem sögnin var í fyrsta sæti. Það er enginn vafi á að sú setningagerð er til í nútímamáli, þótt tíðni hennar í venjulegu máli sé margfalt minni en að fornu. En þessi setningagerð, þar sem andlög og aðrir fylgiliðir standa á undan sögn, er eiginlega alveg horfin úr málinu, nema í nokkrum föstum orðasamböndum. Samt virðist hún lifa góðu lífi í *Djúpdæla sögu* og er eitt af því sem helst setur fornlegan blæ á textann.

Þriðja meginatriðið sem oft er talið greina setningagerð forn máls frá nútímamáli eru ýmiss konar eyður eða brottföll orða og liða. Í fornu máli er hægt að sleppa ýmsum nafnliðum ef þeir vísa til liðar sem hefur verið nefndur skömmu áður, eins og sést í dæmunum hér að neðan. Gildir þá einu þótt sá liður hafi annað setningafræðilegt hlutverk en liðurinn sem sleppt er. Eyðan sem er táknuð með undirstriki í eftirfarandi dæmum vísar þar til undirstrikaða liðarins á undan. Í venjulegu nútímamáli kæmi fornafn í stað eyðunnar – *hann* í fyrstu setningunni, *það* í þeirri næstu, *þeir* í þeirri þriðju og *honum* í þeirri fjórðu.

- Og er þeir vissu ætt hans góða en ___ var vinsæll sjálfur þá hætta þeir til þess að eiga að honum. (*Bandamanna saga*)
- „Vörn fannst í málinu,“ segja þeir, „og var ___ rangt til búíð.“ (*Bandamanna saga*)
- það Finnbogi þá ríða og kvað af sér hefja. Ríða ___ út á fellið og koma undir einn stein mikinn. (*Finnboga saga ramma*)

- en Egill kippti að sér sverðinu hart og hjó til Önundar og af ____ nær höfuðið. (*Egils saga Skallagrímssonar*)

Stundum vísar eyðan ekki til neins eins liðar, en er þó skiljanleg út frá samhenginu. Í fyrra dæminu hér að neðan er vísað til Ólafs konungs, liðs hans og búenda, og í því síðara til Urðarkattar og griðungsins sem hann glímdi við.

- Eitthvert sinn þá er Ólafur konungur hafði stefnu við lið sitt og við búendur og réðu ____ landráðum. (*Ólafs saga helga*)
- Hann þrífur hornin sinni hendi hvort og eigast ____ við lengi. (*Finnboga saga ramma*)

Setningar af þessu tagi eru venjulega taldar hafa horfið nær alveg úr málinu í upphafi 19. aldar. Því er forvitnilegt að athuga hvort einhver hliðstæð dæmi finnist í *Djúpdæla sögu*. Og þau eru vissulega til:

- Hafði þar áður verið býli, er réttin var gjör, og hét ____ Gilshús (47)
- að í rúmum öllum í baðstofunni voru heydýnur og þakið með skinnnum yfir ____ (51)
- Fór Jón [...] aldrei í skóla [...] en nam um hrið hjá biskupi Steingrími Jónssyni undir það síðasta, að próf skyldi ____ taka (118)
- Sagði hann, að Egill prestur á Staðarbakka í Miðfirði mundi ætla að hætta prestskap sökum elli á þessu ári og skyldi hann fá það, ef ____ vildi (138)
- Trúði biskup þessu, því piltar báru með Hannesi, að rétt væri ____ (74)
- Fannst þetta á seðli með hendi Hannesar, og var hann kærður fyrir ____ (86)
- að fyrr hefði hann getað fellt Espólín ef viljað hefði ____ (90)
- Bað sýslumaður hann það að gera ef hann fyndi sig færán til ____ (91)
- Það kom til eyrna presti, að munur væri gerður á henni og hinum börnunum og ____ höfð útundan (103)
- Pétur spurði að, hver þetta hefði gert, en enginn vildi við ____ kannast (204)
- Hafði Ari á Flugumýri fengið sér plóg, og voru gerðar nokkrar rispur með honum á Flugumýrartúni, en ____ talinn ónothæfur fyrir þyngsla sakir (216)
- Vildi Valgerður, að hann héti Eiríkur, en Jón vildi láta ____ heita Högna (239)
- Uggði biskup þess um Stefán, að eigi þyldi hann laganámið, því þá mun heilsa Stefáns hafa verið farin að veikast, en ____ vissi kapp hans mikið og þrasetur við námið (155)
- herfaði og sáði höfrum í það, og var það gert í 2 sumur og spruttu ____ afar vel (216)
- Árið eftir fæddi Valgerður son (1863), og var talað um, hvað ____ heita skyldi (239)
- Reyndi Hannes ljáinn og líkaði ____ illa (133)
- Var þjófnaðargrunur á Hjálmari og þótti ____ auðgast fljótt (178)

- hvor þeirra mundi með betri smíðisgrip geta komið úr sínum fjórðungi og veðjuðu um ___ (140)
- og eigandi þeirra þá skyldur þau að hirða og greiða gjald fyrir ___, ef dráttur yrði á ___ (47)
- Eiríkur bað hann sanna ___ (54)
- Hugðu menn, að þjófur mundu valda ___ (61)
- Þegar Jón bjó í Flatatungu, var brotízt inn í skemmu hans og þar stolið 100 spesíum; komst aldrei upp, hver gert hefði ___ (148)
- og héldu menn, að Jón bróðir Skúla hefði hjálpað þeim til lausnar, en Skúla eigi verið ókunnugt um ___ (49)
- Þá kom annar og tók í með Árna, en Bjarni hélt í með annarri hendi, en studdi hinni á rúmbrikina og slepti aldrei, og skildu ___ svo að því (69)
- því enginn var sá þar í ferð, er ort ___ hefði getað (96)
- Vissu menn eigi, hver valdið ___ hefði (162)
- En óvíst er þó, að Hjálmar hafi valdið ___ (162)
- Tók Eiríkur votta að ___ (63)
- Sagt var, að Jón í Flatatungu fengi kunnáttumann til að rýna eftir, hver stolið hefði ___ (148)
- Vissi enginn, hver ort hefði ___ (96)

Í nútímamáli standa lýsingarorð langoftast á undan nafnorðinu sem þau eiga vil. Þessi orðaröð er líka algengust í formáli, en þar er þó mun algengara en nú að lýsingarorð standi á eftir nafnorði. Einkum á þetta við um lýsingarorðið *mikill*. Ekki kemur á óvart að það orð fer mjög oft á eftir nafnorði í *Djúpdæla sögu*:

- Var kolagjall mikið í tóftinni (49)
- Ormur brá þegar við og þreif öxi mikla í bæjardyrum (60)
- að þar hafa komið fram fjáraflamenn miklir sumir (64)
- Jón hafði verið fjáraflamaður mikill (77)
- Hafði hann auðslán mikið (78)
- fékk hann nú arf mikinn í lausafé (83)
- var nú ómeð mikil komin á Hannes (85)
- Þótti hann matmaður mikill (90)
- var hinn auðgasti maður af jörðum og lausafé og hafði tekjur miklar (95)
- þó orðhákur mikill þætti hann jafnan (97)
- Skagfirðingur að ætt, gleðimaður mikill og spaugsamur (100)
- og gaf Hannesi presti gjafir miklar (104)
- var hann þar húsmáður og græddi fé mikið (109)

- Gísli var ríkur bóndi, átti Kálfsstaði og lausafé mikið (117)
- Tók þá að dimma með fjúki, og gerði hríð mikla (122)
- Aldrei var Jón til lengdar á sama bæ, var þó verkmaður mikill (128)
- Því óhugnaður mikill var honum að giftingu hennar og Árna (133)
- og ólu hana upp við ástríki mikið sem sitt eigið barn (133)
- Var hann nú orðinn peningamaður allmikill (148)
- og bar það í hærusekk miklum (148)
- Hann var málafylgjumaður mikill (152)
- Hafði hann þótt hafa námsgáfur miklar (155)
- Var hengja mikil í gilbarminum (160)
- Jón Einarsson átti peninga allmikla (160)
- Þetta sumar féll skriða mikil úr Hjaltastaðafjalli (170)
- Lagðist vetur sá að snemma með frosti miklu (172)
- Gekk Margrét að öllum verkum með atorku og kappi miklu (187)
- Var brúðkaup þeirra haldið í Djúpadal með rausn mikilli (220)

Fáein önnur lýsingarorð koma líka fyrir á eftir nafnorði, einkum *góður*, en þau dæmi eru þó ekki mörg:

- en þeir voru í kunnleikum góðum (71)
- Báðir höfðu þeir gáfur góðar (71)
- er og Ríp bújörð góð (98)
- Árni var mikilmenni til verka allra og smiður góður á járn (132)
- Hólmfríður var talin búkona góð (203)
- Jón Eiríksson var skytta góð (213)
- Eiríkur brá við fljótt og tók folaldsmeri skjóttu (47)
- Þau Eiríkur og Herdís áttu börn mörg (79)
- var hann og stór vexti, herðamikill og verkmaður ágætur (100)
- en á veturnum hafði hann þar sauði fullorðna (112)
- að hann reisti trönur háar upp beggja vegna Vatnanna (147)
- en hafði þá um eitt ár (1847) búið á parti litlum af jörðinni (187)
- Eiríkur hreppstjóri í Djúpadal hafði bú stórt (199)
- Hafði Eiríkur stórbú á Lýtingsstöðum og auð nógan (79)
- Ari Arason bjó á Flugumýri stórbúi; hafði hann auð nógan (113)
- að hann mundi eigi duga til ferðarinnar og eigi hafa matarlyst næga (118)

Svipuðu máli gegnir um afstöðu atviksorða til lýsingarorðs sem þau eiga við. Í nútímamáli stendur atviksorðið langoftast á undan lýsingarorðinu, og það er líka algengast í fornu máli, þótt þar sé einnig algengt að atviksorð komi á eftir lýsingarorði. Einkum er það atviksorðið *mjög* sem stendur í þeirri röð, og sama máli gegnir í *Djúpdæla sögu*:

- Hann var sterkur mjög (63)
- Hún var stór vexti og sterk mjög (74)
- Gerðust þau nú auðug mjög (78)
- Mun sá háttur hans hafa verið meðfæddur og ríkur mjög í eðlinu (97)
- Var Hannes enn fátækur mjög (97)
- Varð Ari reiður mjög (114)
- voru þeir kappsfullir mjög (120)
- Veturinn 1817 var harður mjög og snjóasamur (121)
- förumaður sá, er hét Jón Björnsson, gamall maður og ófríður mjög (129)
- að sjálf skriði hún úr fönninni og kæmist til byggða hrakin mjög (188)
- Voru þeir gleðimenn miklir og skáldmæltir vel (71)
- var hún gáfuð vel (187)
- Fékk Eiríkur hreppstjóri fénað nokkurn á Staðarbakka, en þó lítinn heldur (190)

Það er allalngt í fornum textum að lýsingarháttur þátíðar með sögninni *hafa* sambeygist andlagi, eins og í tveimur fyrstu dæmunum hér að neðan. Þegar í fornu máli er þó einnig algengt að lýsingarhátturinn sé óbeygður og hvorugkynsmynd hans alltaf notuð með *hafa*, eins og í tveimur næstu dæmum. Stundum eru mismunandi myndir notaðar í tveimur handritum sömu sögu, eins og í öðru og fjórða dæminu sem bæði eru úr *Hallfreðar sögu*, og stundum má sjá báðar myndir hlið við hlið í einu og sama handriti, eins og í dæminu úr *Gísla sögu*.

- Þá kvað Gunnlaugur drápuna er hann hafði ortu um Ólaf konung. (*Gunnlaugs saga ormstungu*)
- Hefi eg þig reyndan að góðum dreng. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*)
- Hann var með Knúti konungi hinum ríka og hafði ort um hann flokk. (*Ólafs saga helga*)
- Hefi eg þig reynt að góðum dreng. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*)
- að þeir þræti um hvort Vésteinn hefði átt eftir dætur einar eða hefði hann áttan son nokkurn. (*Gísla saga Súrssonar*)

Setningar með beygðu myndinni eru þó yfirleitt taldar hverfa snemma úr málinu. Í því ljósi er athyglisvert að fáein dæmi um beygðan lýsingarhátt má finna í *Djúpdæla sögu* eins og hér sést:

- Hafði Bjarni í Djúpadal erfða peninga eftir Eirík föður sinn (68)
- Höfðu þau Eiríkur og Herdís erfðar allar jarðeignir þeirra og lausafé (111)
- Því keypta hafði hann Víðivelli af Jónasi Scheving (113)
- Sagði þá Steinn, hvar hann hafði keyptan hestinn (210)

En vissulega er þetta ekki algengt og ég fann bara dæmi með þessum tveimur sögnum.

Hér hafa verið nefndar nokkrar setningagerðir sem ýmist voru taldar horfnar úr málinu eða mjög á undanhaldi á 20. öld, en lifa góðu lífi í *Djúpdæla sögu*. Margt fleira af svipuðum toga mætti tína til, en tíminn leyfir það ekki. En nú má spyrja: Er þá enginn umtalsverður munur á setningagerð *Sturlungu* og *Djúpdæla sögu*? Gæti *Djúpdæla saga* eins verið eftir Sturlu Þórðarson?

Nei, það er nú ekki alveg þannig. Þótt margir þættir í setningagerð *Djúpdæla sögu* séu fornlegir má þar finna sitthvað sem ekki gæti verið úr fornsögum. Ég skal aðeins nefna þrennt.

Sambandið *vera búinn að einhverju* í merkingunni ‚hafa lokið einhverju‘ er mjög algengt í nútímamáli, ekki síst talmáli og óformlegu ritmáli þótt það komi líka fyrir í formlegu máli. Þetta samband kemur líka fyrir í fornu máli eins og þetta dæmi sýnir:

- Þú hefir og enn fyrr tekið mig með valdi og varst þá búinn að veita mér bana. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*)

Ef þessi setning er skilin nútímaskilningi er mælandinn dauður, því að viðmælandinn er búinn að veita honum bana. Þetta hljómar undarlega í okkar eyrum, nema við vitum eða áttum okkur á því að í fornu máli merkir *vera búinn að* ekki ‚hafa lokið‘, heldur ‚vera reiðubúinn‘ eða ‚vera tilbúinn‘. Þá fellur allt í ljúfa löð. Sambandið fær svo nútímamerkinguna á 17. öld eða svo.

Þetta samband kemur fyrir í *Djúpdæla sögu*, a.m.k. í eftirfarandi setningum:

- Nú eru tvær eftirlætishryssur þínar búnar að kasta fram í Tungufjalli og á sinn hestinn hvor, gráa að lit, og hefi eg ekki séð fallegru folöld (63)
- Var nú Bjarni búinn mjög að rétta við bú sitt eftir harðindin og kostaði nú Hannes son sinn í skóla (71)
- að nú væri hann búinn að eignast dóttur (147)

Í fyrsta dæminu væri forna merkingin svo sem hugsanleg ef setningin endaði á *fram í Tungufjalli* – þá merkti þetta að hryssurnar væru komnar að kasti. En framhaldið sýnir ótvírætt að um nútímamerkinguna er að ræða, og eins er um seinni setningarnar.

Annað dæmi má taka af sambandi sagnanna *geta* og *hafa*. Í nútímamáli geta þær staðið í hvorri röðinni sem er:

- Hann hefur getað gert þetta.
- Hann getur hafa gert þetta.

Merking sambandanna er ekki nákvæmlega sú sama, en óþarft er að fara út í það hér. Það sem okkur skiptir máli er að í fornu máli kemur aðeins fyrri röðin fyrir – sú seinni virðist ekki koma upp fyrr en á 19. öld. En hana má finna í *Djúpdæla sögu* eins og þetta dæmi sýnir.

- og fleiri getur hann hafa börn átt (89)

Það er auðvitað ekkert óvænt – á ritunartíma sögunnar var þetta samband orðið algengt. En þetta sýnir samt að sagan gæti ekki verið skrifuð á Sturlungaöld.

Að lokum má nefna þessa setningu, þar sem neitunin *ekki* kemur á milli frumlags og sagnar.

- Ef þú ekki þegir og hefir þig á brott héðan (55)
- ef hann ekki vildi tala skikkanlega við okkur (59)

Þetta var algengt á 19. öld og er til enn, en kemur ekki fyrir í fornu máli.

Niðurstaðan er sem sé sú að Sturla Þórðarson hafi ekki getað skrifað *Djúpdæla sögu*, enda var það nú svo sem vitað. En þessi litla athugun sýnir samt vel stöðugleikann og samhengið í íslenskri setningagerð – hvernig ýmsar setningagerðir sem einkenna fornmaal en eru horfnar úr venjulegu máli í byrjun 19. aldar eða fyrr eru notaðar óhikað og áreynslulaust þegar komið er fram á 20. öld. Auðvitað er *Djúpdæla saga* ekki dæmigerður texti fyrir ritunartíma sinn. Stefán á Höskuldsstöðum var forn í skapi eins og þeir vita sem þekktu hann, og hann studdist auðvitað við ýmsar heimildir, bæði munnlegar og ritaðar, sem hafa vitanlega mótað frásögnina.

Það er samt forvitnilegt að velta því fyrir sér hvort þetta sé einungis ritmál – hvort Stefán, eða aðrir 20. aldar menn, hafi talað svona í raun og veru þegar þeir sögðu frá. Nú vill svo vel til að við getum skoðað það aðeins. Á hinum frábæra vef *Ísmús* eru nefnilega upptökur af nokkrum viðtölum sem Hallfreður Örn Eiríksson átti við Stefán fyrir tæpri hálfri öld. Í einu þessara viðtala segir Stefán sögu sem einnig er að finna í *Djúpdæla sögu* – söguna af því þegar Ormur í Krókárgerði kom í veg fyrir sauðapjófnað frá Mera-Eiríki. Þá sögu er einnig að finna í handriti Símonar Eiríkssonar í Litladal sem Símon Dalaskáld prentaði í útgáfu sinni á Mera-Eiríks sögu 1912. Hér er í fremsta dálki sagan eins og hún er hjá Símoni í Litladal, í næsta dálki er sagan í búningi Stefáns á Höskuldsstöðum í *Djúpdæla sögu*, og í þriðja dálknum er sagan eins og Stefán sagði Hallfreði Erni Eiríkssyni hana 22. nóvember 1969 (<http://www.ismus.is/i/audio/id-1011228>). Í fjórða dálki fylgir svo til gamans frásögnin eins og Elínborg Lárusdóttir leggur hana í munn Ormi í skáldsögunni *Sól í hádegisstað* frá 1960.

Simon í Litladal

Á jóladagsmorguninn er Ormur kom út, var hríð í fjöllum og dimmur mjög í lofti. Sér Ormur þá tvo menn er ráku fjárhóp á undan sér ofan úr kleifum og fram landsbrúnina á móti Krókárgerði og stefndu fram á Hörgárdalsheiði, þóttist hann vita, að þetta væru ránsmenn eða þjófar, og gat til með sjálfum sér að féð ætti Eiríkur gamli í Djúpadal, og væri rekið gegnum fjöllin ofan í kleyfar. Hann þrýfur stóra kjötöxi og hleypur yfir ána á veikri brú og þar til hann nær þeim, voru þeir þá komnir á móti Hálfánartungum. En er þeir sáu Orm urðu þeir hræddir eins og þeir sæu Skarphéðinn með öxina Rimmigýgju, eða Þór með hamarinn Mjólnir, og flúðu þeir sinn í hverja átt; annar þjófurinn stökk í líttfæra ána, og hljóp svo fyrir neðan Hálfánartungu og stefndi fram á Hörgárdalsheiði, en hin stökk fram í Horn og hvarf þar. Ormur taldi féð og voru það 24 sauðir fullorðnir, allir frá Djúpadal. Hann rak þá ofan á móts við bæ sinn og skrapp heim; svo lagði hann af stað með þá ofan Norðurárdal og út Blönduhlíð alt að Djúpadal um kvöldið.

Djúpdæla saga

Á Þorláksdag var Ormur í Krókárgerði úti við bæ sinn. Sá hann þá, hvar tveir menn komu ofan úr Kleifum og ráku fjárhóp á undan sér og fóru ofan framan við Valagil og svo fram Landsbrúnina gegnt Krókárgerði. Stefndu þeir á Hörgárdalsheiði. Kynlegt þótti Ormi þetta vera og gat sér til, að þetta mundu vera þjófar eða ránsmenn. Kom honum í hug, að verið gæti, að féð ætti Eiríkur í Djúpadal og því rænt þaðan og rekið gegnum fjöllin ofan í Kleifar. Ormur brá þegar við og þreif öxi mikla í bæjardyrum, því nýhöggið hafði hann þá ket til jólanna. Hljóp hann síðan yfir Norðurána á veikum ísi og gat farið menn þessa, þá er þeir voru gegnt Hálfánartungum. En er þeir sáu Orm með öxina, urðu þeir hræddir og flýðu sinn í hverja átt. Hljóp annar í lítt færa ána og svo fram neðan við Hálfánartungur og hafði stefnu á Hörgárdalsheiðina, en hinn stökk fram yfir Skothæðir og svo yfir í Horn á Seljárdal og hvarf þar. Ormur taldi féð, og voru það 24 sauðir, allir frá Djúpadal. Lagði hann af stað með þá ofan Norðurárdal og út Blönduhlíð allt að Djúpadal og kom þar um kvöldið.

Munnleg frásögn

Ja – það er þannig að það gengu þarna úti sauðir fram eftir vetri, lengi, í Tungufjallinu, og þá koma Svarfdælingar tveir, strákar, og reka sauði burtu, svona meira en tíu, að þeir sögðu. Reka þá fram úr dalbotninum og fara – villast þar og fara – koma ofan í Kleifar og þaðan ofan í Norðurárdal. Maður býr í Krókárgerði sem Ormur hét og hann sér til manna í fjúki, þykir þetta eitthvað grunsamlegt og stekkur í veg fyrir þá, var að brytja ket í sinni skemmu og var með exina í hendinni. Þegar þeir sjá hann koma þá stökkva þeir sinn í hurva áttina, annar fram í Horn en hinn eitthvað upp eftir. Og Ormur tekur sauðina. Þykist sjá eða sannreynir það þegar hann kemur heim hvaðan sauðirnir muni vera því að þeir voru með marki sem var náttúrlega alþekkt, hálfaf aftan hægra og stúfrifað vinstra, það mark er til enn í ættinni. Og svo rekur hann sauðina heim og skilar þeim á sinn heimabæ, í Djúpadal. Þetta er nú svona í aðaldráttunum sagan af þessu ráni.

Sól í hádegisstað

Seinni partinn í gær var ég úti og sá hvar tveir menn fóru með fjárhóp á undan sér. Þessir menn komu ofan úr Kleyfum og fóru fram Brúnirnar. Eftir stefnu þeirra að dæma ætluðu þeir Hörgárdalsheiði. Ég fékk strax illan grun á þessum mönnum. Hvað voru þeir að gera á þessum slóðum með fé? spurði ég sjálfan mig. Duttu mér þá í hug Dalssauðirnir og að Hákon ætti þetta fé. Ég vildi vita vissu mína, en varð að hafa hraðann á. Vopnlaus vildi ég ekki leggja á móti þeim og þreif því stóra kjötöxi. Svo hljóp ég allt hvað af tók á eftir þeim. Smám saman dró saman með okkur. Þegar þeir komu á móts við Tungurnar komst ég í náunda við þá. Fyrr urðu þeir mín ekki varir. Þegar þeir sáu mig koma vaðandi á móti þeim með reidda öxi í hendi, urðu þeir skelkaðir. Annar setti sig í ána og fór á bullandi kaf, en krafsaði sig svo upp úr og hljóp sem leið lá fram heiði. Hinn hvarf mér sjónum og mun hafa falið sig í einhverju gildraginu. Ég athugaði sauðina og sá, að mér hafði ekki skjáltazt, allir sauðirnir, 24 að tölu, voru frá Dal. Með því að áliðið var dags sá ég ekki fært að leggja af stað fyrr en daginn eftir. Ég hafði sauðina inni og gaf þeim tuggu. Klukkan sjö í morgun lagði ég svo land undir fót, og hér er ég [...]

Það er nokkur munur á frásögnunum, og fæst þeirra atriða sem hér hafa verið talin einkenna formál koma fram í munnlegu frásögninni. Raunar eru þau ekki heldur sérlega áberandi í texta Símonar í Litladal, sem Stefán hefur þó sannarlega haft til hliðsjónar. Hjá Stefáni er því sennilega um að ræða stílbrögð frekar en að málfar *Djúpdæla sögu* lýsi raunverulegu máli hans – eða annarra samtímamanna hans á fyrri hluta 20. aldar. En það breytir því ekki að Stefán hafði þennan stíl á valdi sínu – og þótt þetta sé ekki okkar daglega mál eigum við ekki í neinum vandræðum með að skilja það. Sambærileg dæmi er varla að finna í öðrum tungumálum.